

Græn iðnbylting og COP 27

Fundur umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis
25. nóvember 2022





Sýn SI á COP 27

Aðgerðir í forgrunni

- **Samtök iðnaðarins sóttu COP 27 í Egyptalandi**
- Aukin bjartsýni að sjá mikla aðkomu atvinnulífs, frjálsra félagasamtaka og stofnana
- Samningaviðræður ekki aðalatriðið heldur áætlanir og aðgerðir og þá sérstaklega samvinna stjórnvalda og atvinnulífs um markmið, hvata og aðgerðir
- Markmið ríkja um útfösun jarðefnaeldsneytis áberandi ásamt fjölbreyttri grænni orkuöflun
- Danmörk mögulega fyrirmynd fyrir Ísland þar sem dönsk stjórnvöld og atvinnulíf tóku höndum saman á COP 27 með bás og viðburðum

Ísland á í hættu að dragast aftur úr – SI hvetja til sterkari skilaboða á COP 28

Græn iðnbylting stendur nú yfir

Orkuskipti, nýsköpun og fjárfestingar

- **Græn iðnbylting** (e. green transition) stendur nú yfir þar sem ríki heims hafa sammælst um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ólíkt öðrum iðnbyltingum þá er drifkraftur breytinganna ekki ný tækni heldur vilji stjórnvalda til breytinga. Eigi metnaðarfull áform stjórnvalda heims fram að ganga þá þurfa að eiga sér stað orkuskipti, nýsköpun, tækniþróun og mjög miklar fjárfestingar. Það gerist með vitundarvakningu meðal almennings en fyrst og fremst með þróun í atvinnulífi og þess vegna er samstarf stjórnvalda og atvinnulífs forsenda árangurs. Samtök iðnaðarins tóku forystu í stofnun Grænvangs, samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs um orkuþekkingu og grænar lausnir árið 2019.

Orkuskipti

Nýsköpun


Fjárfestingar

Vitundavakningin hefur skilað tilætluðum árangri en **tími aðgerða er runninn upp**

Græn iðnbylting

Orkuskipti, nýsköpun og fjárfestingar

- Efnahagslegur ávinningur hefur verið drifkraftur breytinga í öðrum iðnbyltingum þar sem ný tækni og nýtt verklag kemur í stað fyrri aðferða. Slíkt þarf að verða til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda í grænu iðnbyltingunni. Það gerist með nýsköpun, tækniþróun, umskiptum í hráefnanotkun, orkuskiptum og miklum fjárfestingum.



- Orkuskipti** eru nauðsynlegur þáttur í grænu iðnbyltingunni og mun framleiðsla hreinnar orku aukast verulega. Þar stendur Ísland vel að vígi enda hefur hrein orka verið virkjuð jafnt í þágu almennings sem og verðmætasköpunar. Fleiri kostir til framleiðslu hreinnar orku eru til staðar til að mæta þörfum orkuskipta þar sem jarðefnaeldsneyti er skipt út fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Aðgerða er þörf í orkumálum.

- Með **nýsköpun** verða til nýjar lausnir og nýir ferlar sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þess er þörf í ýmsum iðnaði og forsenda orkuskipta. Hvetja þarf til nýsköpunar á þessu sviði og á grundvelli hennar hafa orðið til lausnir sem eru mikilvægt innlegg í grænu iðnbyltinguna.

- Umskipta í hráefnanotkun** er þörf til að draga úr umhverfisáhrifum og að teknu tilliti til hringrásarhagkerfisins þar sem áhersla er lögð á minni úrgang og aukna nýtingu yfir líftíma afurðar.

- Hvetja þarf til grænna fjárfestinga** þar sem lausnir eru til staðar. Þetta gerist til dæmis með efnahagslegum hvötum og ívilnunum, með beinum stuðningi t.d. úr sjóðum eða með því að sumar nýjar lausnir geta nú þegar verið efnahagslega hagkvæmari en eldri lausnir.